23 18. febr. Um 2. fyrirspurnina hafið þjer látið í ljós, að henni beri að svara neitandi, samkvæmt því sem tekið sje fram um 1. fyrirspurnina;

Um 3. og 4. fyrirspurnina hafið þjer tekið það fram, að á því geti engin tvímæli legið, að þeim beri að svara neitandi.

Um 5. fyrirspurnina hafið þjer tekið það fram, að hreppstjóri verði auðvitað að geta þess framteljanda í hreppaskilabókinni, er á vorþingi telur fram $^1/_2$ hndr gjaldskylt, eða meira, þótt vanhaldafrádráttur gjöri það eptir á að verkum, að tíundin lækki niður fyrir þetta takmark, og hafið að öðru leyti skírskotað til skýrsluforms þess, sem prentað er aptan við hreppstjórareglugjörðina, sbr. Stjórnartíðindi 1880, B. bls. 87.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um að svara ber neitandi 1., 3. og 4. fyrirspurninni, svo og hinni 2. fyrirspurn að því er snertir þær ær, er fært er frá, en aptur á móti virðist frádáttur leyfilegur, er ær, sem sleppt hefir verið eða sloppið hafa á fjall með lömbum, missa undan sjer áður en hausthreppaskil fara fram. Að því er snertir 5. fyrirspurnina, þá er jeg yður samdóma um það, sem þjer takið fram um hana, þó svo, að eigi virðist ástæða til að geta annara á hinni endilegu skýrslu um framtal til lausafjártíundar, en þeirra er gjaldskylda tíund gjöra, $^1/_2$ hndr. eða meira, að frádregnum vanhöldum.

Að endingu skal þess getið, að úrlausn þessara fyrirspurna heyrir, að 5. fyrirspurninni undanskilinni, undir dómstólana.

24 22. febr. **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu* **um notkun utanríkisskipa til hvalaveiða við Island.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 27. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því að það hafi á síðustu árum tíðkazt meðal hvalaveiðamanna í sýslu yðar, að þeir noti norsk gufuskip, er þeir hafi tekið á leigu og hafi mestmegnis til vöruflutninga til landsins og frá því, einnig til aðstoðar við hvalaveiðar sínar á þann hátt, að þeir ýmist láti þá fylgja hvalabátunum til hafs og þar taka hvalina jafnóðum og þeir eru skotnir og flytja til lands, eða sendi þau á hafnir til að sækja hvali, er fluttir hafa verið þangað til bráðabirgða af hvalabátunum. Jafnframt hafið þjer beiðzt úrlausnar minnar á því

1. hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að hvalaveiðamenn noti leigð útlend gufuskip til þess að sækja hvali til hafs og til fjarða og hafna innan lands, og
2. hvort skoða beri skip þessi sem fiskiskip, þegar þau eru í hvalsóknum til hafs eða til hafna eða fjarða innan lands.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að, með því að hinar umræddu hvalaveiðar fara að minnsta kosti að nokkru leyti fram í landhelgi, — veiðinni virðist eigi vera lokið fyr en hvalurinn er annaðhvort kominn í skip eða í land, — þá má að eins nota til veiðarinnar innanríkisskip, samkvæmt 2. og 3. gr. í opnu brjefi 7.

marz 1787 (sbr. tilsk. 13. júní 1787 I. 2. og 10. gr.). Því ber að svara framan- **24**
rituðum fyrirspurnum þannig: 22. febr.

Um 1. Utanríkisskip má alls eigi nota til þess að sækja hvali til hafs og flytja til lands, nje heldur til að flytja hvali fjarða eða hafna á milli innanlands.

Um 2. Skipin ber að skoða sem fiskiskip.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli.**— **25**
Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. þ. m., 26. febr.
vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn á Breiðabólsstað í Fljótshlíð, síra Eggert Pálsson, taki allt að 4000 króna embættislán gegn tryggingu í tekjum Breiðabólsstaðar prestakalls, til að gjöra á staðnum íbúðarhús úr timbri, 14 álna langt og 11 álna breitt, með steinlímdum kjallara undir því öllu, 4 álnir á hæð undir lopt, með háu porti og svo nefndu brotnu þaki, svo að íbúðarherbergin á loptinu verði einnig 4 álnir undir lopt; meðfram öðrum gafli hússins sje geymsluskúr, 11×6 álnir, járnvarinn allt um kring, svo sje húsið sjálft allt járnvarið bæði á hliðum og göflum og með járnþaki, traust og vel vandað og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem fram er tekið í áðurnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. Húsinu fylgi 2 góðir ofnar með reykpípum og væn eldavjel, úr járni, er gangi að múruðum reykháf. Ennfremur er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, *að* síðari helmingur lánsins verði eigi útborgaður, fyr en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört, í áskildu standi, og vátryggt svo, sem til er skilið, *að* lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt að telja frá því er lánið er tekið, með 1/20 hluta lánsins á ári, auk vaxta, *að* sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, *að* húsið með geymsluskúr, eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, svonefnd austurstofa og svefnherbergi, göng og bæjardyr, *að* presturinn haldi húsinu vátryggðu fyrir 6000 krónur að minnsta kosti, og *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Að því leyti sem áðurnefndur prestur hefir farið þess á leit að fá hið umrædda lán úr landssjóði, þá verður ekkert um það sagt sem stendur, hvort hagur landssjóðs standi þannig, að lánið geti fengizt úr honum á þessu ári.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.